



Alþingi
Erindi nr. P 136/291
komudagur 1.12.2008

1. des. 2008

Utanríkismálanefnd Alþingis
Bjarni Benediktsson formaður.

Vísað er til bréfs utanríkismálanefndar, dags. 21. nóvember 2008, þar sem óskað er umsagnar félags- og tryggingamálanefndar um þann þátt tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem snýr að málefnasviði nefndarinnar.

Álit nefndarinnar sendist hér með.

F.h. félags- og tryggingamálanefndar Alþingis,

Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLANEFND

Umsögn

félags- og tryggingamálanefndar.

Félags- og tryggingamálanefnd hefur borist erindi frá utanríkismálanefnd þar sem óskað er álits nefndarinnar á þeim þáttum sem snúa að málefnasviði hennar í 161. máli, tillögu til þingsályktunar um fjárhagslega fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Nefndin hefur fjallað um þann hluta málsins sem varðar stefnu í kjaramálum, sbr. 23. tölul. í fylgiskjali með tillögnum.

Nefndin fékk á sinn fund Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Ólaf Darra Andrason frá Alþýðusambandi Íslands, Helgu Jónsdóttur frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Guðlaugu Kristjánsdóttur frá Bandalagi háskólanna og Ernu Guðmundsdóttur frá Bandalagi háskólanna og Kennarasambandi Íslands.

Tekið er undir mikilvægi þess að viðtækt samkomulag náist um stefnu í kjaramálum til næstu ára, sem styður við endurreisn efnahagslífsins og stöðugleika.

Til að ná fram slíku samkomulagi telur nefndin það skipta miklu máli að formlegt ferli sé sett af stað sem fyrst og kallaðir verði til viðræðna þeir aðilar sem málið varða, t.a.m. ríki, sveitarfélög, stéttarfélög og Samtök atvinnulífsins. Áréttar nefndin að slíkt samkomulag þarf að hafa að markmiði að tryggja atvinnustig ásamt því að líta til fleiri þátta sem hafa áhrif á kjör einstaklinga og fjölskyldna, svo sem gjaldskrár hins opinbera, velferðarmál og húsnæðismál.

Nefndin lýsir áhyggjum sínum af þeim miklu fjárskuldbindingum sem ríkissjóður er að taka á sig í kjölfar hruns bankanna. Nefndin bendir jafnframt á að almennt sé mikilvægt að þess sé gætt í viðræðum við alla viðsemjendur að ráðstafanir verði samræmdar og niðurstaðan feli í sér að ekki komi til of harkalegra skerðinga á þeim hluta velferðakerfisins, sem heyrir undir nefndina. Þá ítrekar nefndin mikilvægi þess að standa vörð um hag heimila og fjölskyldna og að tryggja að fólk flytjist ekki úr landi.

Nefndin gerir ekki frekari athugasemdir varðandi þau atriði tillögunnar sem snúa að málefnasviði hennar.

Helga Sigrún Harðardóttir skrifar undir umsögn þessa með almennum fyrirvara við málið.

Kristinn H. Gunnarsson, Árni Johnsen, Ásta R. Jóhannesdóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. nóv. 2008.

Guðbjartur Hannesson, form,

Ármann Kr. Ólafsson,

Pétur H. Blöndal,

Helga Sigrún Harðardóttir, með fyrirvara,

Kristján Þór Júlíusson,